

AUGLÝSING

um breytingu á tvísköttunarsamningi Norðurlanda.

Hinn 27. september 2019 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á bókun sem gerð var í Helsinki þann 29. ágúst 2018 um breytingu á samningnum milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir frá 23. september 1996,¹ sbr. bókanir um breytingar á samningnum frá 6. október 1997 og 4. apríl 2008.

Bókunin öðlaðist gildi 28. nóvember 2019 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 18. desember 2019.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sturla Sigurjónsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

um breytingu á samningnum milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

- sem óska að gera með sér bókun um breytingu á samningi frá 23. september 1996 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og á eignir, sem breytt var með bókun frá 6. október 1997 og bókun frá 4. apríl 2008 (hér eftir nefndur „samningurinn“),

- sem gera sér ljóst að því er Færeyjar varðar að framkvæmd þeirra mála sem samningur þessi tekur til heyrir undir sjálfsstjórnarvaldsvið Færeyja, jafnvel í samskiptum við útlönd,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. gr.

Inngangur samningsins falli brott og í stað hans komi eftirfarandi:

„Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir (hér á eftir nefndur „samningurinn“), án þess tækifæri skapist til að komast alfarið hjá skattlagningu eða lækka skatta með skattundanskotum eða skattsvikum (meðal annars með misnotkun á tvísköttunarsamningum (e. treaty-shopping) sem miðar að því að aðilar með heimilisfesti í ríki, sem ekki er aðili þessa samnings, öðlist ávinning af þessum samningi),

sem gera sér ljóst að því er Færeyjar varðar að framkvæmd þeirra mála sem samningur þessi tekur til heyrir undir sjálfsstjórnarvaldsvið Færeyja, jafnvel í samskiptum við útlönd,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:“

II. gr.

Eftirfarandi nýr 4. liður bætist við í 26. gr. (Almennar skattlagningarreglur):

¹ Sjá nr. 11/1997 í C-deild Stjórnartíðinda.

„4. Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa skal ekki veita ívilnun samkvæmt samningi þessum vegna tekna eða eigna ef réttmætt má telja, að teknu tilliti til allra viðeigandi staðreynda og aðstæðna, að það að hljóta fyrrnefnda ívilnun hafi verið einn helsti tilgangur með tilhögun eða viðskiptum sem leiddi beint eða óbeint til fyrrnefndrar ívilnunar. Þetta gildir þó ekki ef staðfest er að það að veita ívilnunina við þessar aðstæður myndi vera í samræmi við markmið og tilgang samningsins.“

III. gr.

1. liður í 28. gr. (Framkvæmd gagnkvæms samkomulags) falli brott og í stað hans komi eftirfarandi ákvæði:

„1. Ef aðili telur að ráðstafanir, sem gerðar eru af einu samningsríkjanna eða fleiri, leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög samningsríkjanna kveða á um, lagt mál sitt fyrir lögbært stjórnvald hvers samningsríkjanna sem er. Mál verður að leggja fyrir innan fimm ára frá því að tilkynning berst hlutaðeigandi aðila um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.“

IV. gr.

2. liður í X. lið (við 25. gr.) í bókuninni við samninginn falli brott og í stað hans komi eftirfarandi:

„2. Að ósk Færeyja má nema úr gildi ákvæði c-liðar 2. mgr. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómátskum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna samningsríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin samningsríkin hafa tekið við slíkri tilkynningu og skal ákvæðum hennar beitt að því er tekur til skatta sem eru ákvarðaðir fyrir skattaár sem hefst 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir þeim degi sem breytingin tekur gildi, eða síðar.“

V. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag þegar öll samningsríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að bókunin hafi verið staðfest. Utanríkisráðuneyti Finnlands tilkynnir öðrum samningsríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag þegar bókunin öðlast gildi.

2. Eftir að bókunin hefur öðlast gildi skal ákvæðum hennar beitt að því er tekur til skatta sem eru ákvarðaðir fyrir skattaár sem hefst 1. janúar það almanaksár sem kemur næst því ári þegar bókunin öðlast gildi, eða seinna.

3. Bókun þessi gildir jafnlengi og samningurinn er í gildi.

Afhenda ber frumrit bókunar þessarar til vörslu í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest eintök af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Helsinki hinn 29. ágúst 2018 í einu eintaki á dönsku, finnsku, færeysku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textarnir jafngildir.